

Í árslok 1987 voru 220 þús. kr. á reikningi vegna gámafisks, en vegna óuppgerðs útflutnings í desember er áætlað að eignastaðan á þeim reikningi hafi numið u.þ.b. 1 millj. kr. Gjald af gámafiski var sett á með bráðabirgðalögum nr. 66 10. júlí 1987. Er því skipt skv. 5. gr. laganna milli deilda til samræmis við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla. Enn fremur voru 232 millj. kr. á biðreikningi vegna endurgreidds uppsafnaðs söluskatts samkvæmt ákvæðum sömu laga í vörslu sjóðsins en um miðjan janúar sl. kom í ljós að rúmar 95 millj. kr. vantaði til þess að tollstjóraembættið gæti staðið í skilum með endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til fiskvinnslunnar vegna fyrri hluta ársins 1987. Sú fjárhæð var því bakfærð en eftir standa 136,5 millj. kr. sem áætlað er að endurgreiða fiskvinnslunni samkvæmt frumvarpi er nú liggur fyrir Alþingi.

Vaxtatekjur sjóðsins á árinu 1987 námu alls 39 millj. kr. eða 6,33% ofan á gengistryggingu miðað við SDR.

2. Verðtrygging og ávöxtun sjóðsins.

Verðjöfnunarsjóður er varðveittur á SDR-reikningum við Seðlabanka Íslands og er því að fullu gengistryggður. Innstæður eru ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu $\frac{1}{8}\%$.